

Engan hvítan vegg, bara myndina, var skipun listamannsins til ljósmyndarans, og þarna stendur Patrick Huse, mitt í sínu eigin hrauni. DV-mynd ÞÖK

Sögulaus auðnin heillar

„Það eina sem við vitum fyrir víst er að við fæðumst og deyjum," segir norski listmálarinn Patrick Huse. „Við fæðumst inn í ókunnan stað og við deyjum inn í ókunnan stað. Þess vegna er einkennilegt hvað fólk er hrætt við ókunna staði og kýs heldur málverk af kunnuglegum slóðum, myndir af grónu landi og helst með húsi. Hið ókunna ætti að heilla okkur meira."

Patrick Huse er ósmeykur við ókunnuglegt landslag, hrjóstrugt, hrátt, kalt og sögulaust, eins og málverkin hans á sýningunni Rifu á Kjarvalsstöðum sýna vel. Þetta eru myndir úr ókunnum stað og sá sem horfir verður að hugsa um þær, velta þeim fyrir sér vitsmunalega vegna þess að þær segja okkur ekki sögur eins og íslensk landslagsmálverk eru vön.

Patrick Huse fæddist í Ósló 1948 og hafði ekki hugmynd um að hann væri listamaður fyrr en hann spurði sjálfan sig, sextán ára: Hvað ætlar þú eiginlega að verða? Þá fann hann að það eina sem hann langaði til að gera var að mála og teikna. Hann sýnir líka litblýantsteikningar á Kjarvalsstöðum (þær þekkjast á því að þær eru undir gleri vegna þess hvað þær eru viðkvæmar) sem eru ólík málverkunum hans, mýkri, litríkari, „fallegri". Hann fór ekki í listaskóla en hóf feril sinn með því að teikna umbúðir á auglýsingastofu – „áður en tölvurnar komu," segir hann, „þegar allt var gert í höndunum." Sem listmálari varð hann fljótt leiður á peningaharkinu og auglýsingamennskunni í kringum listalífið í Ósló og flutti upp í fjöll um tíma; nú býr hann á litlu bændabýli með fjölskyldu sinni. En hann trúði umsjónarmanni menningarsíðu fyrir því að þau hjónin væru alvarlega að velta fyrir sér að búa hluta úr árinu á Íslandi. Dóttirin, tíu ára, er í Laugarnesskólanum og kann afar vel við sig.

Fór aldrei til Færeyja

Patrick Huse kom fyrst til Íslands 1993 – af tilviljun. Fyrsti Íslendingurinn sem hann kynntist var Guðjón Bjarnason sem hann sýndi með í Stavanger það ár. Patrick kunni svo vel við hann og fjölskyldu hans að hann kom við á Íslandi á leið til Færeyja skömmu seinna til að heimsækja Guðjón. En það varð aldrei neitt úr Færeyjaferðinni; hann sat fastur á Íslandi. „Síðan hef ég komið hingað tvisvar, þrisvar á ári," segir hann, „og málað."

– Segir íslensk náttúra þér eitthvað annað en norsk?

„Já, það gerir hún. Öll náttúra geymir metafórískar upplýsingar sem manngert landslag gerir ekki, og mér finnst íslensk náttúra skyld minni eigin. Ef ég hefði ekki komið til Íslands hefði ég valið annað land þar sem náttúran er svipuð, Ísland var bara næst mér í tíma og rúmi. Eitthvað í íslenskri náttúru fær endurhljóm innra með mér, það eru tilfinningaleg tengsl milli hennar og mín. Ég get ekki útskýrt hvernig eða hvers vegna – ekki fremur en maður getur útskýrt hvers vegna manni líður eins og heima hjá sér á einum stað en ekki öðrum og tekur eftir sumu fólki í fjölmenni en ekki öðru. Ég held að þetta hafi eitthvað með það að gera að þekkja sjálfan sig."



Patrick Huse.

– En hún er svo hráslagaleg í myndunum þínum, hrá. . .

„Það er ég líka..."

– Og svört!

Nú vottar fyrir gosvirkni á annars kaldhömruðu yfirborði listamannsins. „Ég skil ekki þessa höfnun á myrkrinu og svarta litnum," segir hann. „Af hverju drögum við fyrir á kvöldin þegar dimmir? Menningin heldur því að okkur að svart sé drungalegt og dapurlegt en til dæmis blátt sé fallegt! Af hverju ætti blátt að vera fallegra en svart? Þetta er óskiljanlegt!"

List á að vera hættuleg

Patrick þekkir myndir Kjarvals en hefur lítið kynnt sér yngri íslenska landslagsmálara. Þó segist hann hafa á tilfinningunni að munurinn á hans landslagsmyndum frá Íslandi og þeirra felist í því að þeir snúi sér frá Íslandi í myndum sínum og út til Evrópu en hann máli sig inn í Ísland.

„Á okkar tímum eru ýmsar stefnur í listinni og ég tel að margar þeirra stýrist annars vegar af peningum og hins vegar af óttanum við að vera ekki talinn með," segir hann. „Þess vegna reyna listamenn að laga sig að hinu viðurkennda og missa þá einstaklingseinkenni sín. Það vil ég ekki. Ég hef þá trú að öll mikil list tengist ákveðnum stað og tíma. Bandarískri galleríeigandinn sem ég hef unnið með segir að hann vilji list og listamenn sem breyti New York en ekki list sem verði eins og New York. Einmitt á þessum forsendum held ég að Ísland geymi eitthvað sem er mikils virði – auk þess sem ég held að það sem er mér mikils virði hljóti líka að segja öðrum eitthvað.

Íslenskt landslag er þjóðfélagsafl, jafnvel pólitískt afl, og það höfðar sterkt til mín," heldur hann áfram. „Það er í svo beinni andstöðu við menninguna. Væntanlegt Kötlugos minnir enn einu sinni á að náttúran brýtur niður af kæruleysislegu miskunnarleysi það sem við byggjum upp. Ef listin gerir ekki slíkt hið sama, myndar mótvægi við hið hefðbundna í menningunni, þá er hún lítils virði. Hún á að vera hættuleg og það hefur góð list alltaf verið."

Patrick Huse finnst frelsandi hvað íslensk náttúra er ný og síbreytileg. Þegar hann stendur mitt í henni losnar hann við söguna, menninguna. Sagan gefur alls konar upplýsingar sem náttúran gefur ekki ein og sér, og þær geta verið þvingandi. „Ef ég vil komast inn í mína eigin náttúru verð ég að ryðja mér braut gegnum farg sögunnar og það get ég í íslensku landslagi. Það er svo vítt og opið, og ég tek á móti því með opnum huga. Ef ég væri íslenskur málari að mála íslenskt landslag þá væri ég áreiðanlega bundinn af íslenskri sögu og menningu, en ég er frjáls undan henni vegna þess að ég kem úr öðrum stað."

Listaverk þurfa tíma

Patrick Huse er orðinn allþekktur í Bandaríkjunum. Hann hefur sýnt í New York og sýningin á Kjarvalsstöðum fer héðan til Seattle þar sem hann sýnir þá í annað sinn. Hann segir að þeim sé sama hvort þeir fá myndir frá Íslandi eða Noregi, „þeir vilja bara mínar myndir," segir hann og brosir úlfabrosi.

„Það sem mestu máli skiptir við að koma sér áfram er að vinna vel og vanda verk sín," segir hann. „Ég hef aldrei séð gott málverk sem mögulegt hefði verið að vinna hratt. Það verður að vera *tími* í hverri einustu mynd, en málið er að flestir lifa of hratt nú til dags til að sökkva sér lengi niður í ákveðið verk. Ég held að við geymum í okkur óhemju mikið af fróðleik og kunnáttu sem aldrei fær að njóta sín vegna þess að við lifum alltof hratt."

– En ef þú tekur tvö ár í hvert málverk hefurðu þá nokkurn tíma til að koma þér á framfæri?

„Ég læt aðra um það að mestu, umboðsmann minn heima í Noregi og galleríeiganda í Danmörku. Ég hafði annan í New York sem ég er ekki með lengur, sem betur fer! Annars vil ég helst hafa samband við söfn. Þau eru helsta varnarvirki listarinnar á okkar tímum vegna þess að þau láta ekki stjórnast af markaðskröfum eins og galleríin. Galleríeigendur vilja ekki að maður breytist heldur máli alltaf eins! Við eigum góð söfn í Noregi en ég verð að segja að mér finnst þið líka eiga ótrúlega stór og fín söfn hér á Íslandi," sagði Patrick Huse að lokum og gaf fyllilega í skyn að hann hefði ekkert á móti því að Listasafn Íslands eignaðist verk eftir hann. -SA

Sýning Patricks Huse, Rifa, á Kjarvalsstöðum stendur til 24. október. Þar er opið alla daga vikunnar, kl. 10–18. Leiðsögn er á sunnudögum, kl. 16.